



UMSÓKN UM FRAMLÖG ÚR FRAMKVÆMDASJÓÐI ALDRAÐRA 2007

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra auglýsir eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum **árið 2007**. Umsækjendum, sem hlotið hafa styrk, en hafa ekki fengið hann greiddan að fullu, ber að endurnýja umsóknir sínar. Allar aðrar umsóknir skal sækja um á nýjum eyðublöðum, en þau má nálgast á vef heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins ásamt skilmálablöðum.

Umsókninni skal fylgja endurskoðaður ársreikningur síðastliðin tvö ár ásamt árshlutauppgjöri fyrir núverandi ár. Einnig skal fylgja umsókninni framkvæmda- og kostnaðaráætlun ásamt staðfestingu sveitarfélagsins eða bankaábyrgð.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að vísa umsókn frá sé ofangreindum skilyrðum ekki fullnægt.

Umsóknir skulu hafa borist sjóðsstjórninni, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Vegmúla 3, 150 Reykjavík fyrir **25. september 2006**.

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra